

Nd.

83. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefir hlutaráðningu (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hlutdeild í afla), skal í lok hvernar vertíðar greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi.

Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu.

Fé þetta innheimta hreppstjórar og bæjarfógetar, hver í sínu umdæmi, og rennur það óskert í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður aflahluta. Skal það sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði til fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Sjóðnum skal varið þannig:

Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við úthaldstíma, skulu hlutir bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar:

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantaði meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal þó miða við meðalhlut þess, hafi það gengið tvö ár eða lengur. Ella skal miða við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutauppbóta má aldrei ganga nær honum en það, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn.

Fiskveiðasjóður Íslands annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnnum sjóðanna kemur saman um.

5. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé hans, og skal það ávallt geymt í banka.

6. gr.

Skip, sem gerð eru út í sama kaupstað eða sama hreppi, geta myndað sérstaka deild í jöfnunarsjóði, ef útgerðarmenn og starfandi sjómenn í kaupstaðnum eða hreppnum óska þess. Geta deildir þessar ákveðið hærri iðgjöld en þau almennu og aflað sérsjóðum sínum annara tekna. Framlag ríkissjóðs til þeirra miðast þó ávallt við 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi.

Stjórn jöfnunarsjóðs getur við úthlutun hlutauppbóta úr sérsjóðum þessum vikið frá hinni almennu reglu, ef ástæða þykir til og óskir koma fram um það frá þeim, sem hlut eiga að máli.

7. gr.

Í reglugerð fyrir jöfnunarsjóð aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í hág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir risið ágreiningur milli útgerðarmanna og skipshafna á isl. fiskiskipum (hlutaskipum) út af því, að hásetar hafa krafizt þess, að sér yrðu fyrirfram tryggðar lágmarks mánaðartekjur á vertíðum. Útgerðarmenn hafa ekki talið sér fært að setja þessar tryggingar, og hefir af þessu leitt, að skip hafa stöðvazt, stundum heilar vertíðir.

Nú er þó svo komið, að útgerðarmenn hafa neyðzt til að ganga að þessum kröfum mjög víða. En það er augljóst mál, að eins og komið er efnahag þeirra almennt, verður þessi trygging litils verð, nema lánardrottinn standi þar að baki.

Það verður hinsvegar að viðurkennast, að krafa sjómanna um þessa tryggingu er ekki gerð að nauðsynjalausu, því þeir eru flestir snauðir og geta ekki átt á hættu að standa með tvær hendur tómar eftir vertíð, allra sízt ef vertíðir bregðast fleiri en ein í röð. En nú er svo komið, að litlu betur er ástatt með útgerðina sjálfa. Hún stentz ekki heldur, að hennar hlutir bregðist. Hér þarf því bersýnilega aðgerða, og verður ekki séð, að aðrar leiðir séu eðlilegri en þær, að þessir tveir aðiljar tryggi sig sameiginlega gegn hættunni, með því að jafna tekjum milli ára. En sökum þess, að hér þarf að leysa vandamál þjóðfélagsins, er eðlilegt og alveg nauðsynlegt, að ríkið taki þátt í því.

Ég hefi fengið hvatningar frá ýmsum framsýnum útgerðarmönnum um það, að flytja mál þetta hér á Alþingi. Bæði þeir og ég viðurkenna, að allmjög skorti á, að það sé svo undirbúið sem bezt má verða. En þörfin er mjög bráð, og málið er svo vaxið, að reynslan ein fær úr því skorið, hvort lagasetning í þá átt, sem hér er stofnað til, fær leyst vandann á fullnægjandi hátt. Sama má segja um fyrirkomulag það, sem valið er samkv. þessu frumvarpi, að reynslan ein getur skorið úr um það, hvort það fær staðizt, svo sem upphæð iðgjalda til sjóðsins, úthlutunarreglur o. fl.

Ég hefi reynt að afla mér upplýsinga um það, hve miklu tekjur sjóðsins af aflahlutum munu nema í samskonar aflaári og markaðsári og því síðastliðna. Virðist mér, að þessar tekjur mundu verða um 140 þús. kr. Nú getur enginn sagt um það, hvernig aflaár og söluár muni vera framundan. En það eitt er víst, að ef unnt væri að nema á brott þann ágreining, sem risinn er um hlutatrygginguna í mörgum verstöðvum og breiðast mun út til allra verstöðva landsins, þá er þar leyst eitt af mikilsverðari vandamálum þjóðfélagsins.

Árið 1937 varð langvarandi verkfall í Bolungavík í Norður-Ísafjarðarsýslu vegna kröfu sjómanna um hlutatryggingu. Árið 1938 endurtókst deila þessi ekki. Urðu og aflabrögð í betra lagi þá í þessari veiðistöð. Í byrjun þessa árs tókust svo sættir milli aðilja með þeim hætti, að stofna skyldi tryggingarsjóð sjómanna með 2% af brúttóafla 4—9 smálesta báta í Bolungavík, auk annara tekna, er takast kynni að afla sjóðnum.

Þetta er fyrsti visir til hlutatrygginga hér á landi. Samkvæmt því gæti komið til mála, að það fyrirkomulag yrði haft, að hver veiðistöð hefði tryggingarsjóð fyrir sig með eigin stjórn. En við athugun málsins virðist flm. þessa frv. öruggara að hafa tryggingar þessar allar undir einni stjórn, með þeim frábrigðum, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frumvarpsins.